

Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 1. maí 2011  
Tilvísun FLE 12-2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar á kolvetnisvinnslu, 701 mál.**

Með tölvupósti dags. 15. apríl s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

1 grein:

*Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:*

*Til skattskyldrar veltu telst ekki:*

- 1. Sala og útleiga á oliuborþöllum og fljótandi hafstöðvum til notkunar við kolvetnisvinnslu. Undanþágan tekur einnig til rekstrarbúnaðar sem er afhentur með slíkum mannvirkjum.*
- 2. Sala á þjónustu á síðasta stigi viðskipta sem stendur í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á mannvirkjum og búnaði skv. 1. tölul. Undanþágan tekur einnig til vöru sem er afhent í tengslum við afhendingu á slíkri þjónustu.*
- 3. Björgunarþjónusta í tengslum við mannvirki skv. 1. tölul.*
- 4. Sala á vöru og þjónustu á síðasta stigi viðskipta til nota í beinum tengslum við byggingu, endurbyggingu, viðgerðir og viðhald á leiðslum frá hafsvæði utan gildissviðs laga þessara til lands.*

5. *Sala á vöru og þjónustu til nota á hafsvæði utan landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbótnei svo fremi sala sé til aðila sem hafa fengið leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða.*

*Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vöru og þjónustu sem fellur undir undanþágur skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr.*

Hér eru ákvæði um að til undanþeginnar veltu sé ákveðin sala á þjónustu.

Nefndin veltir því fyrir sér hvort ákvæðin geti ekki leitt til óvissu hjá seljanda þjónustunnar eða varanna þar sem þessi undanþága er ekki bundin við sölu til leyfisskylds aðila eingöngu. Væntanlega mun skrá yfir leyfisskylda aðila vera öllum aðgengileg en hvernig fer með þá aðila sem taka með beinum hætti þátt í starfseminni, hvernig getur þjónustu eða vörusali vitað um slíkan aðila. Sá aðili fellur að vísu undir skattskyldu í máli númer 702 sbr. 2. gr. þess frumvarps en nefndin telur samt sem áður ákveðna óvissu skapast við framkvæmdina.

Jafnframt kemur til álita hvort ekki megi fella niður tl. 2 og 3 með því að útvíkka tl. 5 þannig:

5. *Sala á vöru og þjónustu til nota á hafsvæði **innan og utan** landhelgi í tengslum við rannsóknir og nýtingu á auðlindum á hafsbótnei svo fremi sala sé til aðila sem hafa fengið leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis, svo og annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í leit, rannsóknum, vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða.*


Almennt um 1 grein :

Nauðsynlegt er að orðalagið í 2 tölulið „síðasta stig viðskipta“ sé skilgreint betur í lögnum. Sem dæmi má nefna að leitarfyrirtæki býður út byggingu borpalls. Er þá hönnuður sem vinnu með byggingaraðila að selja á síðasta stigi viðskipta eða er það einungis verktakinn ?

Almennt um 5 grein:

Í báðum stafliðum kemur fyrir orðið „sérstaklega“. Nefndin veltir fyrir sér hvort skilja skuli notkun orðsins með einhverjum takmarkandi hætti. Ef því er sleppt úr textanum þá breytir það engu, en ef það er til staðar má velja fyrir sér hvort átt sé við „eingöngu“. Lagt er því til að orðinu „sérstaklega“ verði sleppt.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE